

**Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 14. janúar 2013 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-42/2012:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 14. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann taldi vera á bifreiðar sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði sér skaðabætur vegna gallans og framkvæmi að auki viðgerð á bifreiðinni til að fyrirbyggja að sami galli komi upp aftur.

**II**

**Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 27. júní sl. gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bærust þau hinn 10. ágúst. Með bréfi, dags., 22. ágúst var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bærust athugasemdir hinn 13. september. Með bréfi dags. 10. október óskaði kæruneftndin eftir frekari gögnum frá álitsbeiðanda og bærust þau hinn 2. nóvember. Með bréfi dags. 20. nóvember var seljanda veittur kostur á að gera athugasemdir við hin nýju gögn og frest til þess. Engin frekari gögn bærust kæruneftndinni.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni er rakið að álitsbeiðandi keypti bifreiðina xx-000, sem er af gerðinni Renault Trafic langur Dísel 212 H6, nýja af seljanda hinn 9. janúar 2007. Í lok apríl 2011 byrjaði bifreiðin á því að drepa á sér á ferð. Eftir að bifreiðin hafði drepit á sér í nokkur skipti ákvað álitsbeiðandi að fara með bifreiðina í skoðun hjá seljanda, sem jafnframt er umboðsaðili fyrir Renault bifreiðar hólendis. Var bifreiðin gangfær þegar skoðunin fór fram.

Við skoðun hjá seljanda var talið að svokallaðir „spíssar“ væru bilaðir. Þegar viðgerð fór fram kom í ljós að spíssarnir voru fastir í vélinni. Að sögn álitsbeiðanda kom jafnframt fram við skoðunina að spíssarnir hefðu líklega eyðilagst vegna vatnsleka á mótörinn. Í kjölfar skoðunarinnar kom tilboð frá seljanda um viðgerð á bifreiðinni, en tilboðið hljóðaði upp á rúmlega milljón krónur.

Eftir að hafa kynnt sér málið frekar á vefsíðum tengdum bifreiðinni taldi álitsbeiðandi að seljanda væri skylt að gera við bifreiðina á eigin kostnað þar sem um væri að ræða algengan galla í bifreiðum af sömu gerð. Í kjölfarið fór álitsbeiðandi fram á við seljanda að svo yrði en með tölvupósti frá starfsmanni seljanda, hinn 23. maí 2011, var þeirri kröfu hafnað á þeim forsendum að ábyrgð seljanda á bifreiðinni væri úr gildi fallin.

Í kjölfarið sótti álitsbeiðandi bifreiðina á verkstæði seljanda og keypti viðgerðarþjónustu og varahluti af þriðja aðila. Á sama tíma, þ.e. hinn 25. maí, greiddi álitsbeiðandi seljanda kostnað vegna skoðunar og tilraunar til viðgerðar bifreiðarinnar, með fyrirvara.

Við viðgerð þriðja aðila kom í ljós að spíssarnir voru fastir í „heddi“ bifreiðarinnar og reyndist því nauðsynlegt að skipta um heddi til að koma bifreiðinni í nothæft ástand.

Þegar umræddur galli kom upp var bifreiðin ekin 118.000 km., sem að sögn álitsbeiðanda eru aðeins fleiri kílómetrar en sú viðmiðun sem gefin er upp fyrir jafngamla fólksbíla. Hinn 14. mars sl. fékk álitsbeiðandi tölvupóst frá seljanda með leiðbeiningum frá

framleiðanda um hvernig fyrirbyggja megi umræddan galla. Í kjölfar þessa ítrekaði álitsbeiðandi þá kröfu á hendur seljanda að hann endurgreiddi sér viðgerðarkostnaðinn og féllst seljandi á að greiða hluta kostnaðar, þ.e. kr. 232.050.

Álitsbeiðandi telur að kaupin falli undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 1. gr. laganna, enda hafi bifreiðin verið keypt til einkanota og álitsbeiðandi sé einstaklingur. Þá telur álitsbeiðandi að 5 ára regla 2. mgr. 27. gr. laganna eigi við um bifreiðina, enda sé bifreiðum almennt ætlaður langur endingartími og hafi álitsbeiðandi borið fyrir sig galla á bifreiðinni í tæka tíð, enda ekki liðin 5 ár frá kaupum á bifreiðinni þegar að álitsbeiðandi kvartaði undan galla við seljanda.

Álitsbeiðandi bendir á að í 15. gr. laganna sé fjallað um hvaða eiginleika söluhlutur þurfi að hafa og að í b-lið 2. mgr. 15. gr. segi að söluhluturinn skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað“. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. sömu laga segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. Telur álitsbeiðandi að bifreið sem keypt var ný og hefur ónýta spíssa og hedd hafi ekki slíka eiginleika sem neytandi mátti vænta við kaup á bifreiðinni að því er varðar endingu.

Álitsbeiðandi telur einnig að gallinn geti ekki stafað af aðstæðum sem hann varða sbr. 1. mgr. 26. gr. laganna, enda hafi bifreiðin verið þjónustuð frá upphafi af verkstæðum viðurkenndum af seljanda og bifreiðin auk þess verið notuð eins og aðrar bifreiðar, þ.e. ekið um götur landsins og viðhald hafi verið með eðlilegum hætti.

Sem fyrr segir gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi greiði sér útlagðan kostnað við að láta lagfæra bifreið sína, kr. 585.420, auk kostnaðar vegna bílaleigubíls sem tekin var 16. – 25. maí 2011 að fjárhæð kr. 35.910, að frádreginni þeirri upphæð sem seljandi hefur þegar gert, þ.e. kr. 232.050. Samtals hljóðar krafa álitsbeiðanda á hendur seljanda því upp á kr. 389.280. Auk þessa fer álitsbeiðandi fram á að seljandi framkvæmi á sinn kostnað fyrirbyggjandi viðgerð samkvæm áðurnefndum viðgerðarleiðbeiningum frá framleiðanda.

Meðfylgjandi álitsbeiðni voru reikningar fyrir skoðun og viðgerðir á bifreiðinni ásamt reikningum vegna varahluta og bílaleigubíls. Þá fylgdu álitsbeiðni viðgerðarleiðbeiningar frá framleiðanda vegna spíssa.

#### IV

##### Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er rakið að umþrætt bifreið sé af gerðinni Renault Trafic og sé sendibifreið. Bifreiðin hafi verið nýskráð hinn 9. janúar 2007 og seld með þriggja ára ábyrgð framleiðanda. Skráður eigandi við sölu bifreiðarinnar og nýskráningu hafi verið Z og umráðamaður álitsbeiðandi. Skráður eigandi bifreiðarinnar sé nú A (áður Z) en umráðamaður sé annar. Bifreiðin sé því ekki lengur í umráðum álitsbeiðanda.

Þá er rakið að bilun í spíssum í vél bifreiðarinnar geti komið til fleiri atriða en framleiðslugalla, m.a. frá óhreinindum í eldsneyti, en vatnsleki undan þéttikanti við framrúðu, sem um getur í álitsbeiðni, hafi hins vegar þau áhrif að verra getur verið að ná spíssunum úr, en það geti gengið illa þrátt fyrir slíkum leka sé ekki fyrir að fara. Framleiðandi hafi hafnað að greiða viðgerð á bifreiðinni þar sem ábyrgðartími var liðinn. Hins vegar hafi framleiðandi samþykkt að greiða sem nam kr. 232.050 af viðgerðarkostnaðinum vegna viðskiptavildar og hafi sú upphæð verið greidd álitsbeiðanda.

Seljandi bendir á að kaupandi bifreiðarinnar, Z, hafi verið lögaðili, en ekki einstaklingur og því falli kaupin undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, en ekki lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Í fyrrnefndu lögnum sé frestur til að bera fyrir sig galla 2 ár og sá frestur sé liðinn. Til vara, verði talið að kaupin falli undir lög nr. 48/2003, hafnar seljandi því að spíssum í vél bifreiða sé ætlaður verulega lengri endingartími en almenn gerist um söluhluti sbr. 2. mgr. 27. gr. laganna. Þá verði að hafa það í huga að bifreiðum fylgi viðhald

og viðgerðir og ending bifreiða og íhluta þeirra sé mjög háð umhirðu, umgengni, aksturslagi, notkun eða notkunarleysi ásamt því sem að utanaðkomandi þættir geti einnig haft afgerandi áhrif á endingartíma bifreiða, án þess að það hafi nokkuð með framleiðslugalla að gera.

Seljandi hafnar því kröfum álitsbeiðanda um endurgreiðslu viðgerðarkostnaðar umfram þá upphæð sem seljandi hafi þegar greitt, auk þess sem seljandi hafnar því að endurgreiða kostnað álitsbeiðanda af bílaleigubíl, en bílaleigubíllinn hafi álitsbeiðandi fengið á afar hagstæðum kjörum frá seljanda.

## V

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi telji það ekki skipta máli þó hann hafi selt umþrætta bifreið auk þess sem hann hafnar fullyrðingum seljanda um að ágreiningur hans og seljanda geti ekki átt undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Þá ítrekar álitsbeiðandi, með vísan til framlagðra leiðbeininga frá framleiðanda um hvernig lagfæra megi vatnsleka ofan á mótör, að um algengan galla sé að ræða í bifreiðum af umþrættri tegund. Sá hönnunar- eða framleiðslugalli hafi haft það í för með sér að spíssarnir höfðu oxast og fest, með þeim afleiðingum að hvorki var hægt að hreinsa þá né skipta um án þess að skipta um efri hluta vélar bifreiðarinnar. Kostnaður við skipti á spíssunum hefði því verið mun meiri en ella.

## VI

### **Úr gögnum málsins**

Með bréfi, dags. 10. október sl., fór kærunefndin fram á það við álitsbeiðanda að fá afrit af smurbók bifreiðarinnar ásamt yfirliti yfir þjónustuskoðanir. Hinn 2. nóvember sl. barst kærunefndinni afrit af yfirliti yfir þjónustuskoðanir.

## VII

### **Niðurstaða kærunefndarinnar**

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Deilt er um það í málinu, vísan til þess að skráður kaupandi bifreiðarinnar var lögaðili en álitsbeiðandi umráðamaður, hvort ágreiningur aðila falli undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup eða lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Kærunefndin álitur að í því tilviki sem hér um ræðir skipti ekki máli þótt skráður kaupandi bifreiðarinnar xx-00 sé Z (nú A). Hagsmunir þess fyrirtækis eru tryggðir samkvæmt þeim bílasamningi sem fyrirtækið gerði við álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi ber hins vegar sem umráðamanni bifreiðarinnar réttur til að gæta hagsmuna sinna gagnvart seljanda bifreiðarinnar, sbr. álit kærunefndarinnar í málinu nr. M-43/2008 frá 28. september 2008. Þá hefur ekki annað komið fram í málinu en að álitsbeiðandi teljist neytandi skv. 3. mgr. 1. mgr. laga nr. 48/2003, þ.e. sé einstaklingur sem kaupir söluhlut utan atvinnustarfsemi. Fellur því ágreiningur aðila undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og rakið er keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000, sem er af gerðinni Renault Trafic Diesel 212 H6, nýja af Y hinn 9. janúar 2007.

Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup segir m.a.:

„Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma [...]

Neytandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda um gallann innan tímamarka greinarinnar. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú.“

Þann galla sem hér um ræðir varð álitsbeiðandi fyrst var við í lok apríl 2011 þegar bifreiðin fór að drepa á sér í akstri. Rúmum tveimur vikum síðar, eða hinn 16. maí, fór álitsbeiðandi með bifreiðina til skoðunar hjá seljanda og var bifreiðin þar til 25. maí, en þar kom í ljós að skipta þurfti um spíssa í vél en voru fastir og að nauðsynlegt yrði að skipta um hedd bifreiðarinnar til að gera hana gangfæra að nýju. Hafði bifreiðinni verið ekið um 118.000 km. þegar skoðun seljanda fór fram. Á meðan að bifreiðin var til skoðunar fór álitsbeiðandi fram á, eftir að hafa orðið sér út um upplýsingar um að bifreiðir af sömu tegund væru haldnar framleiðslugalla, að seljandi greiddi viðgerðarkostnað, en seljandi hafnaði því með tölvubréfi hinn 23. maí. Voru á þessu tímamarki liðin 4 ár og rúmir 4 mánuðir frá því að bifreiðin var keypt. Fór álitsbeiðandi í kjölfarið með bifreiðina annað og lét gera við hana á eigin kostnað.

Kærunefndin fellst á það með seljanda að spíssar séu ekki hlutir bifreiðar sem ætlaður er verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti skv. 2. ml. 2. mgr. 27. gr. laganna, enda megi alltaf gera ráð fyrir því á líftíma díselbifreiða að til þess komi að skipta þurfi um spíssa, þó slíkt fari eðlilega eftir meðferð á bifreiðinni og almennu viðhaldi. Hins vegar álitur kærunefndin að sá hluti vélar bifreiðarinnar, sem umlykur spíssana, eigi að vera í því ástandi að unnt sé að skipta um spíssana með þeim hætti sem almennt er ráð gert fyrir í díselvélum og að þeim hluta vélarinnar sé ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti. Samkvæmt þessu er það álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi hafi getað borið fyrir sig galla, á því að örðugt reyndist að skipta um spíssa, í fimm ár frá því hann keypti bifreiðina, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003. Þá er og ljóst að mati kærunefndarinnar að álitsbeiðandi lagði fram kvörtun án ástæðulauss dráttar sbr. 1. mgr. sömu greinar.

Það er álit kærunefndarinnar að í bifreiðum af þeirri tegund sem hér um ræðir eigi að vera hægt að skipta um spíssa, án þess að skipt sé um hedd vélarinnar á sama tíma. Hefur álitsbeiðandi fært fram gögn sem gefa sterklega til kynna að ástæða þess að í bifreið hans hafi slík skipting reynst ómöguleg sé hönnunar- eða framleiðslugalla í bifreiðinni, sem lýsi sér í því að vatn leki undan þéttikanti við framrúðu og leki niður á vél með þeim afleiðingum að tæring myndast á milli spíssana og það svæði vélarinnar sem í kringum þá er, með þeim afleiðingum að spíssarnir sitja fastir. Í andsvörum seljanda er tekið undir að vatnslekinn geti haft þau áhrif að verra geti verið að ná spíssunum úr. Kærunefndin telur því að um sé að ræða galla, sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003.

Réttur kaupanda á úrræðum vegna galla á söluhlut er hins vegar bundinn því að gallinn verði hvorki rakinn til sakar neytanda né stafi af aðstæðum sem hann varðar, sbr. ákvæði 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003. Í gögnum málsins er ekki að finna neitt sem gefur til kynna að notkun álitsbeiðanda á bifreiðinni sem um ræðir hafi verið að einhverju leyti óvenjuleg og kemur 1. mgr. 26. gr. því ekki til frekari skoðunar.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og galinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.

Álitsbeiðandi hefur gert þá kröfu að seljandi greiði sér bætur fyrir það tjón sem gallinn hefur valdið sbr. 33. gr. laganna, þ.e. þann kostnað sem álitsbeiðandi hefur þurft að greiða,

samkvæmt framlögðum reikningum, vegna viðgerða á bifreiðinni og leigu á bílaleigubíl að frádreginni þeirri upphæð sem seljandi hefur þegar greitt, að upphæð kr. 232.050. Hljóðar krafa álitsbeiðanda þá upp á samtals kr. 425.649. Fellst kærufndin á kröfu álitsbeiðanda að hluta, en telur í fyrsta lagi að álitsbeiðandi þurfi sjálfur að bera kostnað vegna helmings á greiningu og síðan kaupa og ísetningar á spísum, samtals kr. 234.902. Í öðru lagi telur kærufndin kröfu álitsbeiðanda um að fá greiddan kostnað vegna leigu á bílaleigubíl, að upphæð kr. 35.910, réttmæta sbr. 3. mgr. 30. gr. laganna, utan þess að rétt þykir að draga frá þeirri upphæð leigu bifreiðarinnar í einn dag, er álitsbeiðanda hefði borið að greiða sjálfur, hefði hann leigt bifreið á meðan skipti á spísum færu fram. Er frádrátturinn vegna þessa kr. 5.007,-. Er því niðurstaða kærufndarinnar að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda samtals kr. 185.740.-

Hvað varðar þá kröfu álitsbeiðanda að seljandi framkvæmi fyrirbyggjandi viðgerð á bifreiðinni samkvæmt framlögðum leiðbeiningum framleiðanda, telur kærufndin að álitsbeiðandi sé ekki lengur bær til að leggja fram slíka kröfu, enda ekki lengur umráðamaður bifreiðarinnar.

## VI

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 185.740,-

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir